

Dalvíkurskóli

**Bekkjarnámskrá 10. bekkjar
skólaárið 2016 - 2017**

**Umsjónarkennarar: Elmar Sindri Eiríksson,
Guðríður Sveinsdóttir & Klemenž Bjarki Gunnarsson**

Teymikennsla

Í Dalvíkurskóla er teymiskennsla á unglingastigi í 9.-10.bekk. Árgangarnir tveir vinna saman í 3 klukkustundir á viku auk valfaga. 3 umsjónarkennarar bera sameiginlega ábyrgð á nemendum. Kennarar skipta nemendahópnum á milli sín og hafa yfirumsjón með ákveðnum nemendum, sem tengist aðalega foreldrasamskiptum. Í teymi 9.-10. bekkjar sitja umsjónarkennarar auk þroskaþjálfar, annarra kennara og stuðningsfulltrúa sem koma að kennslu bekkjanna. Teymið hittist einu sinni í viku á klukkustunda fundum.

Íslenska

Kennari: Klemenz Bjarki Gunnarsson

Stuðningur: Ingibjörg Ragnheiður Kristinsdóttir

Vikustundir: 3 klst

Hæfniviðmið: að nemandi:

- **Lestur og bókmenntir:** Efli með sér áhuga fyrir lestri og geri sér grein fyrir gagnsemi þess að vera læs á fjölbreyttar textagerðir. Geti lesið texta af öryggi og með góðum skilningi og beitt til þess mismunandi aðferðum. Hafi til að bera þekkingu á bókmenntum og helstu hugtökum innan bókmenntafræðinnar sem geri þeim kleift að vinna með fjölbreyttar íslenskar bókmenntir.
- **Tjáning:** hafi öðlast skýra framsögn og færni í að flytja talað mál fyrir framan aðra og beitt þar leikrænni tjáningu, kunnáttu á talhraða, fasi o.þ.h. sem hæfir viðfangsefni, hvort sem um er að ræða undirbúin erindi eða þátttöku í lýðræðislegum umræðum. Beiti fyrir sig rökum í samskiptum og gæti að tillitssemi, virðingu og kurteisi. Geti hlustað af athygli eftir fluttu efni hvort sem um er að ræða kynningu, lestur eða umræður; og brugðist við á viðeigandi hátt. Geti notið upplestrar leikins efnis og tónlistar og rætt um það með rökstuddum hætti og gert þar grein fyrir skoðun sinni. Geti nýtt sér fjölmiðla og rafrænt efni og tekið afstöðu til þess, auk þess að nota það á skapandi hátt.
- **Ritun:** hafi öðlast góða þekkingu á uppbyggingu texta og geti skrifað mismunandi textagerðir sem hæfir hverju tilfelli. Geti sett hugmyndir sínar skipulega fram og

nálgast þær frá mismunandi sjónarhornum, auk þess að geta rökstutt þær á skipulegan hátt. Hafi náð góðum tókum á réttritun. Hafi öðlast þekkingu í að vinna með heimildir og uppsetningu samkvæmt reglum.

- **Málfræði:** hafi yfir að ráða fjölbreyttum orðaforða og átti sig á möguleikum tungumálsins m.a. í orðaleikjum og nýyrðasmíð. Lögð verður áhersla á sköpun nemenda í orðasmíð skv. Orði af orði og er það þáttur í að efla sköpunargáfu þeirra. Geti áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum helstu orðflokka og hlutverkum þeirra í setningargerð.

Námsefni: Englar alheimsins, Logar, Svarfdæla, Málið í mark, smásögur ásamt völdum köflum úr Mér í mun. Ítarefni frá kennara.

Inntak náms og kennslutilhögun: Mikil áhersla er lögð á yndislestur sem leið til þess að efla orðaforða, tilfinningu fyrir tungumálinu og þjálfar nemendur í því að njóta ólíkra bókmennta. Auk þess verður mikið lagt upp úr umræðum, ritun og skapandi vinnu með tungumálið. Grunnþáttunum sköpun og læsi er gert sérstaklega hátt undir höfði í vinnubrögðum vetrarins en þó er einnig reynt að flétta inn jafnrétti og lýðræði og mannréttindi þegar við á.

Vinnubrögð sem notuð verða eru bein innlögn, umræður, hópavinna og einstaklingsvinna.

Mikil áhersla verður lögð á að tengja námið við líðandi stund og umræður og dæmisögur oft tengdar samtímanum og samfélagslegum umfjöllunum.

Námsmat:

Sjá kennsluáætlun hverrar annar.

Enska

Kennari: Klemenz Bjarki Gunnarsson, og Elfa Dröfn Stefánsdóttir

Vikustundir: 2 klst. á viku

Hæfniviðmið: að nemandi:

- **Lesskilningur:** afli sér upplýsinga úr texta og skilji aðalatriði frá aukaatriðum. Sé læs á mismunandi gerðir texta s.s. texta úr blöðum, af netmiðlum eða nokkuð fræðilega texta og geti beitt mismunandi aðferðum við lestur þeirra.

- **Samskipti:** Geti auðveldlega tekið þátt í samræðum jafnt um undirbúin sem óundirbúin viðfangsefni. Sé tilbúinn til að tjá sig á ensku í umræðum sem og að meðtaka innlegg annarra. Geti beitt fyrir sig rökum í lýðræðislegri umræðu innan bekkjarins. Geti rætt krefjandi málefni s.s. fordóma og beri virðingu fyrir mismunandi skoðunum.
- **Frásögn:** tjái sig skipulega jafnt í óundirbúnum fyrirspurnum sem og um áður undirbúið efni. Segi skipulega frá og hljómi eðlilega hvað varðar framburð, áherslur og hrynjanda.
- **Ritun:** skrifi skipulegan og samfelldan texta sem getur verið í formi ritgerða, bréfa, rökfærslna svo dæmi séu nefnd. Lögð er áhersla á að sköpun nemenda sé virk í ritunarpættinum og þeir geti beitt fjölbreyttum orðaforða og stílbrigði hæfi verkefnum.
- **Menningarlæsi:** hafi til að bera þekkingu á fjölbreyttri menningu enskumælandi svæða s.s. í gegnum lestur, tónlist, kvikmyndir eða fréttir. Kunni skil á mismunandi framburði eða orðaforða eftir menningarsvæðum og geti sett í samhengi við þá menningu sem hann þekkir. Þekki til merkisatburða úr sögu helstu enskumælandi landa.
- **Hlustun:** skilji fyrirhafnalítið talað mál um kunnuleg málefni. Geti sótt sér upplýsingar í talað mál hvort sem um er að ræða fræðsluefni, talað mál eða leikið efni og geti í framhaldi unnið með það efni á fjölbreyttan og skapandi hátt.

Námsefni: Spotlight 10, lesbók og vinnubók. Kvikmyndin Dances with Wolves ásamt verkefnum. Líttlestrarbækur. Einnig ítarefni frá kennurum s.s. fordómaverkefni, dægurlög og efni af netmiðlum.

Inntak náms og kennslutilhögun: Lögð er áhersla á að enskan sé ofan á í skólastofunni þó svo að íslenska sé einnig notuð til að koma til móts við alla nemendur svo að fyllsta jafnréttis sé gætt. Lögð er áhersla á að vinna með tungumál sé fjölbreytt og að gera þurfi öllum þáttum þess hátt undir höfði. Sköpun er gert hátt undir höfði í vinnu nemenda og grunnþátturinn

læsi er mikilvæg stoð í námi þeirra. Unnið er út frá grunnþáttunum lýðræði og mannréttindi og jafnrétti, m.a. í verkefni er tengist vinnu gegn fordómum.

Vinnubrögð sem notuð verða eru bein innlagn, umræður, hópavinna, samvinnunám og einstaklingsvinna.

Unnið verður í námsbókum til jafns við stærri og minni verkefni sem byggjast t.d. á kvikmyndum og samfélagsumfjöllun.

Námsmat:

Sjá kennsluáætlun hverrar annar.

Stærðfræði

Kennarar: Guðríður Sveinsdóttir og Jóhanna Skaftadóttir

Stuðningur: Ingibjörg María Ingvadóttir

Vikustundir: 3 x 60 mín.

Hæfniviðmið:

- **Tungumál:** Geti útskýrt hugsun sína, leitað lausna og sett viðfangsefni fram á fjölbreyttan hátt með því að beita skapandi hugsun og röksemdarfærslu. Nemendur geti sett fram og afmarkað stærðfræðiþrautir í tengslum við daglegt líf og lagt mat á lausnir. Geti lesið úr og sett upp myndrit, gert teikningar og verði læs á jöfnur og föll. Notað hugtök og táknmál stærðfræðinnar til að leysa viðfangsefni.
- **Vinnubrögð og beiting stærðfræði:** Unnið skipulega einn eða í samvinnu við aðra. Kynnt og túlkað niðurstöður sínar. Sé læs á stærðfræðilegan texta og tekið afstöðu til upplýsinga sem settar eru fram á táknmáli stærðfræðinnar. Geti tekist á við verkefni úr umhverfinu eða samfélaginu, þar sem að afla þarf upplýsinga og meta þær, t.d. um eigin fjármál.
- **Tölur og reikningur:** Geti notað rauntölur og greint samhengi milli talna í ólíkum talnamengjum. Geti notað sætiskerfisrithátt og þekkja reglur sem gilda um hann. Þekki samband milli almennra brota – tugabrota og prósentu og geti sett hlutföll fram á mismunandi hátt. Geti notað almenn brot, tugabrot og prósentur við útreikning á

daglegum viðfangsefnum. Notað ræðar tölur, t.d. við jöfnulausnir og fleiri viðfangsefni í algebru.

- **Algebra:** Geti rannsakað mynstur, talnarunur, leyst jöfnur, notað breytistærðir og teikna gröf jafna. Leyst saman tvær jöfnur með fleiri en einni óþekktri stærð. Geti ákvarðað lausnir á jöfnuhneppum með myndritum.
- **Rúmfræði og mælingar:** Geti nýtt sér einslög, hornareglur og reglu Pýþagórasar. Þekki og geti reiknað rúmmál strendinga, keilu, pýramída og kúlu. Geti reiknað yfirborðsflatarmál sömu forma nema kúlu. Þekki samband milli rúmmáls og lítra. Nauðsynlegt að notast sé við formúluna $R = G \cdot h$, þar sem að G er flatarmál grunnflatar.
- **Tölur og líkindi:** Geti notað tölfræðihugtök til að túlka gögn og framkvæmt kannanir. Geti skipulagt og framkvæmt einfaldar tölfræðikannanir.

Námsefni: Námsbækurnar 8 – tíu nr. 5 og 6. Einnig ítarefni frá kennurum, meðal annars efni sem notað verður við útikennslu.

Inntak náms og kennslutilhögun: Leitast verður við að tengja grunnþætti Aðalnámskrár grunnskóla sem mest inn í viðfangsefni vetrarins. Nemendur gera munnlega og skriflega grein fyrir hvernig þeir leysa verkefni og nota stærðfræðilegan orðaforða og táknmál. Nemendur vinna glósur um stærðfræðilegan orðaforða og þekkingu. Markvisst verður unnið að því að bæta skilning nemenda á fyrirmælum og auka sjálfstæði í vinnu.

Vinnubrögð sem notuð verða eru bein innlög, hópavinna, einstaklingsvinna, samvinna tveggja, útikennsla og leikir. Minna verður um beina innlög þar sem að nemendur glósa heima efni tengt kaflanum og stuttlega farið í það í tímum. Þetta eykur ábyrgð nemenda.

Nemendur vinna verkefni sem tengjast eigin lífi og atburðum líðandi stundar t.d. verkefni tengt framhaldsskólagöngu og verkefni tengd áhugamálum nemenda. Þannig er stuðlað að sjálfbærri þróun og fjármálalæsi nemenda.

Unnið er í lotum, misjafnlega löngum. Nemendur fá yfirlit í upphafi lotu með þeim dæmum sem unnið skal með. Dæmum er skipt upp í dæmi sem allir skulu klára fyrir lok lotu, dæmi fyrir flesta og loks fyrir þá allra duglegustu eða suma. Nemendur setja sér sjálfir markmið sjá í

upphafi lotu og vinna á sínum hraða og þannig er stuðlað að sjálfstæðri ákvarðanatöku og lýðræði nemenda.

Heimanám: Ekki er stefnt að miklu heimanámi, nemendur geta þó alltaf unnið í lotunni heima ef viljinn er fyrir hendi. Heimanámið sem sett er fyrir er þá yfirleitt námsmat í lok kafla og er vægi verkefna mismunandi. Vægi hvers verkefnis skal tekið fram í upphafi verkefnis.

Námsmat:

Sjá kennsluáætlun hverrar annar.

Danska

Kennari: Einar Logi Vilhjálmsson

Vikustundir: 2 klst. á viku.

Stuðningsfulltrúi: Guðrún Rósa Lárusdóttir

Markmið: að nemandi:

- **Lesskilningur:** Geti lesið og skilið megininntak texta af ýmsum toga og unnið með þá á fjölbreyttan hátt. Geti aflað sér upplýsinga úr texta til frekari verkefnavinnu og greint aðalatriði frá aukaatriðum. Lesið sér til gagns og ánægju auðlesna texta um daglegt líf og áhugamál sem innihalda algengan orðaforða. Lesið sér til fróðleiks rauntexa, t.d. úr dagblöðum, tímaritum og netmiðlum sem fjalla um efni er varðar líf hans aðstæður eða umhverfi.
- **Samskipti:** Geti kynnt sjálfan sig ítarlega. Geti haldið uppi samræðum, skilji og noti algengustu orðasambönd daglegs máls, viðeigandi kurteisisvenjur og kunni aðferðir til að gera sig skiljanlegan, t.d. með látbragði.
- Þjargað sér við algengar aðstæður, t.d. í verslunum, á veitingarstöðum og í ferðalögum. Geti undirbúið, tekið og veitt viðtal.
- **Frásögn:** Geti sagt nokkuð skipulega frá efni úr daglegu lífi, námsefni eða kvikmyndum. Þjálfir með sér sterka sjálfsmynd sem auðveldi honum að standa frammi fyrir öðrum og flytja mál sitt á dönsku. Flutt einfalda, undirbúna kynningu á efni sem tengist náminu og flutt tilbúið eða frumsamið efni, t.d. stutt atriði, stuttmynd eða sögu.

- **Ritun:** Geti skrifað texta um þekkt efni, skapað samhengi í textanum og notað til þess algengustu tengiorð og greinarmerki. Lýst því sem næst honum er, fjölskyldu, áhugamáli og vinum nokkuð ítarlega. Einnig er töluvert lagt upp úr sköpun, nemendur eiga að geta samið texta þar sem ímyndunaraflíð fær að njóta sín.
- **Menningarläsi:** Átti sig á hvað er líkt og ólíkt með danskri og íslenskri menningu. Þekki til ytri umgjörðar menningarsvæðisins og landfræðilega legu.
Sýni fram á að hann þekkir til og skilur vel ákveðin lykileinkenni í danskri menningu sem snúa að daglegu lífi og aðstæðum íbúanna, einkum ungs fólks og getur sett sig í þeirra spor. Sýnt fram á að hann þekki til siða og hefða og átti sig einnig á skyldleika dönskunnar við íslenskuna. Geti greint á milli sænsku, dönsku, norsku og færeysku.
- **Hlustun:** Geti skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum. Geti tileinkað sér aðalatriði úr kynningum og frásögnum sem eru innan áhuga-, náms og þekkingarsviðs.
Geti að nokkru leiti meðtekið og skilið efni framsett í miðlum s.s. kvikmyndum og tónlist og notað til frekari vinnu í öðrum þáttum og geti í framhaldi unnið með það efni á fjölbreyttan og skapandi hátt.

Námsefni: Ítarefni frá kennurum, efni af netmiðlum, forritið Duolingo, kvikmyndir og fleira sem getur aukið á fjölbreytni í kennslustundum. Einnig er notast við lestexta úr bókinni Tænk, Ekko og SMIL.

Inntak náms og kennslutilhögun:

Kennsla mun að mestu fara fram á dönsku. Lögð verður áhersla á markmið sem koma fram í kennsluáætlun. Vinnubrögð sem notuð verða eru bein innlögn, umræður, hópavinna, samskipta- og tjáningaleikir, stuttmyndagerð, einstaklingsvinna, kvikmyndaáhorf og fleira efni af veraldarvefnum. Leitast verður við að tengja grunnþætti Aðalnámskrár grunnskóla sem mest inn í viðfangsefni og sem dæmi um slíka nálgun má nefna:

- Læsi tengist allri vinnu nemenda með texta, orðaforða og hugtaka vinnu.
- *Lýðræði og mannréttindi og jafnrétti* tengjast samvinnu nemenda. Í dönskukennslunni er lögð mikil áhersla á para og hópavinnu. Nemendur þurfa að geta unnið með öllum og tekið tillit til þess að hæfni nemenda er misjöfn.

- *Sjálfbærni* tengist því að nemendur þurfa að sýna sjálfstæð vinnubrögð og hafa frumkvæði í hópa- og paravinnu.
- *Heilbrigði og velferð* tengist félagslegri vellíðan og tjáningu nemenda. Í dönskukennslunni eru nemendur þjálfaðir markvisst í tjáningu og unnið er að því að styrkja sjálfstraust nemenda til að efla færni í munnlegri tjáningu á dönsku.
- *Sköpun* tengist sérstaklega inn í dönskukennsluna í gegnum munnlega þáttinn. Nemendur vinna við teiknimyndasögugerð, stuttmyndagerð og leikritargerð, þar sem sköpunarhæfileikar nemenda koma við sögu.

Námsmat:

Sjá kennsluáætlun hverrar annar.

Náttúrufræði

Kennari: Guðrún Anna Óskarsdóttir

Stuðningsfulltrúi: Ingibjörg Ragnheiður Kristinsdóttir

Vikustundir: 2 klst á vikur

Hæfniviðmið:

Geta til aðgerða

- greint hvernig þættir eins og tæknistig, þekking, kostnaður og grunnkerfi samfélagsins hafa áhrif á hvaða lausn viðfangsefna er valin hverju sinni
- greint stöðu mála í eigin umhverfi og aðdraganda þess, í framhaldi skipulagt þátttöku í aðgerðum sem fela í sér úrbætur
- tekið þátt í og útskýrt reynslu sína og niðurstöðu af þátttöku í aðgerðum sem varða náttúru og samfélag
- tekið rökstudda afstöðu til málefna og komið með tillögur um hvernig megji bregðast við breytingum en um leið tekið mið af því að í framtíðinni er margt óvissst og flókið.

Nýsköpun og hagnýting þekkingar

- gert grein fyrir hvernig hægt er að nýta jarðskjálftatækni til þess að staðsetja jarðskjálfta.

Gildi og hlutverk vísinda og tækni

- Skýrt hvernig maðurinn getur nýtt vatnsföll og jarðvarma til rafmagns framleiðslu

Vinnubrögð og færni í náttúrugreinum

- framkvæmt og útskýrt sérhannaðar eða eigin athuganir úti eða inni
- lesið texta um náttúrufræði sér til gagns, umorðað hann og túlkað myndefni myndefni honum tengt
- aflað sér upplýsinga um náttúruvísindi úr heimildum á íslensku og erlendum málum
- beitt vísindalegum vinnubrögðum, s.s. tilraunum og athugunum á gangrýninn hátt við öflun upplýsinga innan náttúruvísinda
- kannað áræðanleika heimilda með því að nota hand- og fræðibækur, netið og aðrar upplýsingaveitur
- gefið skýringar á og rökrætt valið efni úr athugunum og heimildum
- geta nefnt helstu gerðir efnasambanda eins og jónaefni, málma og sameindaefni
- geta útskýrt hvernig málmur og málmlleysingi tengjast með jónatengi
- geta framkvæmt tilraun þar sem magnesín hvarfast við súrefni og mynda magnesínóxíð
- geta stillt einfaldar efnajöfnur
- geta notað annað lögmál Newtons til að finna út massa, hröðun eða kraft í einföldum dæmum
- geta lagt saman krafta sem hafa mismunandi stærð og stefnu og fundið út hver stefna og stærð heildarkrafts á hluti er
- útskýrt hugtakið hröðun og leyst einföld dæmi um hluti með byrjunarhraða og lokahraða

Efling ábyrgðar á umhverfinu

- tekið eftir og rætt atriði í umhverfi sínu, gert grein fyrir áhrifum þeirra á lífsgæði og náttúru, sýnt umhverfinu umhyggju og rökrætt eigin skoðun á því
- skoðað og skráð atburði eða fyrirbæri sem snerta samspil manns og umhverfis, í framhaldi tekið virkan þátt í gagnrýnni umfjöllun um málið og gert tillögur um aðgerðir til bóta
- rætt af skilningi eigin lífsýn og ábyrgð innan samfélagsins og tekið dæmi úr eigin lífi
- tekið þátt í að skoða og skilgreina stöðu umhverfismála á heimsvísu og rætt um markmið til úrbóta.

Að búa á jörðinni

- skipulagt, framkvæmt og gert grein fyrir athugunum á námsþáttum að eigin vali er varða búsetu mannsins á jörðinni
- útskýrt og rætt ástæður náttúruverndar
- útskýrt breytingar á landnotkun og tengsl þeirra við jarðvegseyðingu og orkuframleiðslu
- útskýrt árstíðabundið veðurlag og loftslagsbreytingar, ástæður og afleiðingar
- gert grein fyrir stöðu jarðar í himingeimnum og áhrifum hennar á líf á jörðu
- rætt um notkun gervihnatta í samskiptum manna, rannsóknir og álitamál þeim tengdum

Lífsskilyrði manna

- útskýrt hlutverk helstu líffæra og líffærakerfa mannslíkamans, gerðir frumna, líffæri þeirra og starfssemi
- útskýrt hvernig einstaklingur getur stuðlað að eigin velferð með ábyrgri neyslu og hegðun
- útskýrt hvað einkennir lífsskilyrði manna og hvað felst í því að taka ábyrgð á eigin heilsu
- rökrætt umhverfismál frá ólíkum sjónarhornum er tengjast vatni, vatnsnotkun og sjó
- lýst hringrás efna og flæði orku í náttúrunni, útskýrt ljóstillífun og bruna og gildi þeirra

Náttúra Íslands

- gert grein fyrir eigin athugunum á lífverum, hegðun þeirra og búsvæðum
- útskýrt þarfir ólíkrar lífvera í ólíkum vistkerfum
- útskýrt hugmyndir um náttúruval, hæfni, aðlögun og arfbundinn breytileika
- lýst ólíkum leiðum við framleiðslu, dreifingu og nýtingu orku á Íslandi
- tekið dæmi af og útskýrt forvarnir sem eru skipulagðar vegna náttúruhamfara
- Lýst ólíkum leiðum við framleiðslu, dreifingu og nýtingu orku á Íslandi
- Skýrt hvaða áhrif vatnsorkuver hafa á náttúruna

Heilbrigði umhverfis

- gert grein fyrir verndun og nýtingu náttúruauðlinda í tengslum við sjálfbæra þróun
- rætt á gagnrýninn hátt framleiðslu, flutning og förgun efna
- sagt fyrir þjónustu sem náttúrulegir ferlar veita

- nýtt frumeindakennninguna og lotukerfið til að útskýra eiginleika efna, efnabreytingar og hamskipti
- útskýrt krafta sem verka í daglegu lífi manna

Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu

- fjallað á gagnrýnin hátt um aukaefni í mat og aðferðir til að auka geymsuþol matvæla
- útskýrt forsendur vistvænnar hönnunar
- útskýrt mismunandi tegundir geislunar og hvernig þær eru notaðar í fjarskiptum og lækningum
- útskýrt einfaldar rafrásir og tengsl rafmagns og segulmagns
- skýrt tengsl mannfjöldaþróunar við framleiðslu og dreifingu matvæla og þátt líftækninnar í þeim tengslum

Inntak náms og kennslutilhögun:

Unnið er í lotum, misjafnlega löngum. Lotur hefjast á stuttum innlögnum og umræðu um verkefni, þar sem nemendur glósa hjá sér helstu hugtök. Nemendur þjálf sig í hugtökunum með fjölbreyttum kennsluháttum eins og stöðvarvinnu, hópavinnu, einstaklingsvinnu, samvinnu tveggja, útikennslu og tilraunum.

Nemendur gera munnlega og skriflega grein fyrir hvernig þeir leysa verkefnin. Markvisst verður unnið að því að bæta skilning nemenda á fyrirmælum og auka sjálfstæði í vinnu. Nemendur vinna verkefni sem tengjast eigin lífi og atburðum líðandi stundar. Þannig er stuðlað að sjálfbærri þróun og náttúrulæsi nemenda. Leitast verður við að tengja grunnþætti Aðalnámskrár grunnskóla sem mest inn í viðfangsefni og sem dæmi um slíka nálgun má nefna:

- Læsi tengist allri vinnu nemenda þar sem fræðitextar eru lesnir og umorðaðir. Nemendur þjálf sig í notkun nýrra hugtaka og orða úr náttúrufræði. Tenging stærðfræði við náttúrufræði krefst einnig stærðfræðilæsis þar sem nemendur þjálf sig í notkun jafna sem innihalda ýmis tákni stærðfræðinnar.
- *Lýðræði og mannréttindi og jafnrétti* tengjast vinnu nemenda þar sem unnið er í hópum. Lögð er áhersla á virkar samræður nemenda.
- *Sjálfbærni* tengist allri umfjöllun um lífverur og vistkerfi þeirra.

- *Heilbrigði og velferð* tengist tjáningu nemenda, að þeir hafi sjálfsöryggi til að ræða um náttúrufræðileg málefni og segja frá hvernig þeir fóru að því að leysa verkefnin.
- *Sköpun* tengist þrautalausnum nemenda þar sem hver og einn setur fram lausnir sínar með þeim hætti sem honum þykir best.

Námsmat:

Sjá kennsluáætlun hverrar annar.

Samfélagsfræði

Kennari: Elmar Sindri Eiríksson og Guðríður Sveinsdóttir

Vikustundir: 2 klst. á viku.

Hæfniviðmið:

Reynsluheimur: Nemandi geti:

- sýnt fram á skilning á mikilvægi þess að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, mannréttindum, félagslegu réttlæti og jöfnuði.
- aflað sér og hagnýtt upplýsingar um menningar- og samfélagsmálefni sem birtast í samræðum, texta og myndrænum búningi.
- sýnt fram á þekkingu og gagnrýna sýn á tímabil, atburði, persónur, menningartengsl og þróunarferla á ýmsum tímum, sem vísað er til í þjóðfélagsumræðu.
- útskýrt með dæmum hvernig sagan birtist í textum og munum, hefðum og minningum.
- útskýrt mismunandi hugmyndir um gerð og framkvæmd lýðræðis.
- útskýrt og rökrætt hugmyndir um velferðarsamfélagið og tengsl þess við stjórnmál, atvinnulíf og hugmyndastefnur.
- tekið ábyrga afstöðu í eigin fjármálum og neyslu, verði gagnrýninn neytandi og geti sett sér markmið á grundvelli þekkingar á fjármálaumhverfi einstaklinga og samfélags og þeim tilboðum sem í boði eru.

Hugarheimur: Nemandi geti:

- hugleitt og tjáð hver hann er í augum sjálfs sín og annarra, útskýrt hvernig sjálfsmynd hans mótast af umhverfi og búsetu og félagslegum aðstæðum.
- rökstutt gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismats, sem mikilvægs þáttar í heilbrigðri sjálfsvitund.
- beitt hugtökunum kyn, kynhneigð og kynhlutverk og útskýrt hvaða hlutverki þau þjóna í kyngervi einstaklinga og sjálfsmynd.
- gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum og tekið ákvarðanir á grunni þeirrar sjálfsþekkingar.
- vegið og metið áhrif fyrirmynda og staðalmynda á mótum sjálfsmyndar og hefur áræði til að móta eigin ímynd, lífsstíl og lífsskoðun á sjálfstæðan og ábyrgan hátt.
- lýst margbreytileika tilfinninga.
- sýnt styrk til að bera ábyrgð á eigin lífi, lífsháttum og heilbrigði.
- greint jákvæð og neikvæð áreiti og staðist þrýsting, sem stefnir heilsu og velferð fólks í voða.
- sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn og viðhorf á ýmsum stöðum og tímum.
- sett sér markmið og framtíðaráætlun, til að stefna að í framtíðinni í samræmi við eigin stykleika og áhuga.

Félagsheimur: Nemandi geti:

- tekið sjálfstæðan þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu.
- útskýrt með dæmum margbreytileika mannlífsins og ólíkan bakgrunn fólks, borið virðingu fyrir frelsi fólks til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta.
- vegið og metið skoðanir og upplýsingar, brugðist við þeim á fordómalausan hátt.
- rökrætt stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi, skyldur og gildismat, sýnt ábyrgð í samskiptum, umgengni og lífsháttum.
- rökrætt gildi jafnréttis og mannréttinda á öllum sviðum samfélagsins og þekki almenn ákvæði um mannréttindi.
- tekið þátt í samfélagsmálum á ábyrgan hátt.

Námsefni: *Á ferð um samfélagið* eftir Garðar Gíslason **og itarefni á vefnum.**

Inntak náms og kennslutilhögun: Bekknum er skipt í 2 hópa.

Nemendur lesa í hópum, svara spurningum, gera kannanir, taka þátt í umræðum og rökræðum og leikir.

Námsmat:

Sjá kennsluáætlun hverrar annar.

Skólaíþróttir

Kennarar: *Ása Fönn Friðbjarnardóttir og Heiðar Davíð Bragason*

Vikustundir: 2 klst.

Hæfniviðmið

Líkamsvitund, leikni og afkastageta

Við lok 10. bekkjar getur nemandi:

- Gert æfingar sem reyna á loftháð og loftfirrt þol
- Sýnt og framkvæmt styrktaræfingar sem reyna á hámarksgetu og úthald í kyrrstöðu og hreyfingu
- Gert liðleikaæfingar sem reyna á hreyfivídd og hreyfigetu, sýnt útfærslu flókinna hreyfinga þannig að þær renni vel saman, gert rytmískar æfingar og fylgt takti
- Tekið þátt í hópíþróttum, einstaklingsíþróttum og heilsurækt innan og utan skólans
- Nýtt sér stöðluð próf til að meta þrek og hreysti, lipurð og samhæfingu
- Sýnt leikni og synt viðstöðulaust í bringusundi, baksundi, skriðsundi, flugsundi og kafsundi auk þess að geta troðið marvaða.

Félagslegir þættir

- Skilið mikilvægi virðingar og góðrar framkomu til að efla liðsandann og skilið mikilvægi góðrar ástundunar, sjálfsaga, vinnu og tillitsemi í tengslum við góðan árangur í íþróttum

- Þekkt mismunandi tegundir leikreglna, farið eftir þeim og sýnt háttvísi í leik, bæði í hóp- og einstaklingsíþrótt
- Rökrætt kynheilbrigði, kyn- og staðalímyndir, afleiðingar eineltis og tekið virka afstöðu gegn ofbeldi.

Heilsa og efling þekkingar

- Skýrt helstu áhrif hreyfingar á líkamlega og andlega líðan og mikilvægi góðrar næringar fyrir vöxt og viðhald líkamans
- Rætt eigin ábyrgð á líkamlegu og andlegu heilbrigði bæði sínu eigin og annarra
- Útskýrt þjálfunaraðferðir og notað hugtök sem tengjast sundiðkun og ýmsum íþróttum
- Vitað hvaða hlutverk helstu vöðvahópar líkamans hafa í tengslum við þjálfun líkamans
- Sett sér skammtíma- og langtímamarkmið í íþróttum og heilsurækt, gert og framkvæmt eigin þjálfunaráætlun á grundvelli niðurstaðna prófa
- Sótt og nýtt sér upplýsingar við alhliða heilsurækt og mat á eigin heilsu
- Notað mælingar með mismunandi mælinákvæmni við mat á afkastagetu
- Tekið þátt í leikjum af margvíslegu tagi
- Sýnt ábyrgð í útivist. Skýrt tákn korta tekið stefnu með áttavita og ratað um landsvæði eftir korti.

Öryggis og skipulagsreglur

- Tekið ákvarðanir á grundvelli öryggis- og umgengnisreglna og brugðist við óvæntum aðstæðum. Framkvæmt og útskýrt helstu atriði skyndihjálpar, endurlífgunar og björgunar úr vatni og notkun björgunaráhalda. Bjargað jafningja á björgunarsundi.

Inntak náms og kennslutilhögun:

Leikir, boltaleikir, áhaldaleikfimi, þrek og æfingar. Farið er ítarlega í leikreglur ýmissa íþróttagreina. Reynt er að hafa íþróttakennsluna fjölbreytta og skemmtilega bæði úti og inni. Áhersla verður lögð á jákvæðan aga og að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Ýmis form heilsuræktar eru kynnt ásamt mikilvægi reglulegrar hreyfingar og réttis mataræðis svo nemendur geti áttað sig á og virt gildi heilbrigðs lífarnis og nýtt sér það í framtíðinni. Áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð sem nýtist í vali á alhliða líkams- og heilsurækt í framtíðinni.

Skipulag sunds miðast við markmið kennslu, þroska, getu og þarfir nemenda. Þá er unnið að því að nemendur verði færir um að bjarga sér og öðrum.

Meginmarkmið vetrarins er að auka styrk, þol og liðleika nemenda og stuðla að heilbrigði og velferð, bæta sjálfstraust og byggja upp jákvæða sjálfsmynd hvers og eins.

Leitast verður við að tengja grunnþætti Aðalnámskrár grunnskóla sem mest inn í viðfangsefni og sem dæmi um slíka nálgun má nefna:

- Læsi tengist umfjöllun um hinar ýmsu merkingar og reglur. Nemendur þurfa að hlusta á og lesa ólík fyrirmæli og þeir skrá niður árangur t.d. í stöðvabjálfun.
- Sjálfbærni þar sem nemendur gera sér grein fyrir mikilvægi eigin velferðar.
- Heilbrigði og velferð tengist ýmsum þáttum sem rætt er um t.d. mikilvægi hreyfingar, baðferða og þrífnaðar, mikilvægi þess að kunna að synda. Lögð er áhersla á góð samskipti og líðan.
- Lýðræði og mannréttindi tengist viðurkenningu á hæfileikum nemenda og þroskamöguleikum. Mikið er lagt upp úr siðferði og viðhorfum nemenda og að tekið sé tillit til áhuga þeirra.
- Jafnrétti tengist t.d. þátttöku fatlaðra í tímum, umfjöllun um jafnræði í íþróttum.
- Sköpun birtist t.d. í hinum ýmsu leikjum t.d. tjáningu nemenda og þegar þeir setja upp þrautabrautir.

Námsmat: Námsmat byggir á símati kennara þar sem mæting, virkni og þátttaka í tímum vega þungt. Einnig eru getuviðmið. Nemandi fær einkunn eftir hverja önn.

Hugmyndaval og sköpun

Kennari: Valdís Guðbrandsdóttir, iðjubjálfi

Vikustundir: 1 ½ klukkustunda valgrein einu sinni í viku.

Hæfniviðmið

Menningarlæsi:

- Geta unnið sjálfstætt eftir vinnuferli frá hugmynd til lokaafurðar og greint frá mismunandi nálgun við vinnuna.
- Hagnýtt þá sérhæfðu leikni og þekkingu sem nemandinn hefur öðlast á skapandi hátt og sýnt frumkvæði.
- Tekið þátt í samvinnu með sameiginlegt markmið hópsins að leiðarljósi.
- Skipulagt vinnu sína með sjálfbærni í huga.
- Sýnt frumkvæði í góðri umgengni og frágangi á vinnusvæði.

Sjónlistir:

- Skrásett og sett fram hugmyndir á fjölbreyttan hátt byggðar á eigin hugmyndum og/eða rannsókn, myndrænt og/eða í texta.

Handverk:

- Valið aðferðir, efni og verkfæri við hæfi og sýnt rétta og ábyrga notkun verkfæra.

Umhverfi:

- Greint vistvæn efni frá óvistvænum og haft sjálfbærni að leiðarljósi við vinnu sína s.s. við efnisval.
- Gert sér grein fyrir hvort og hvernig hægt er að endurnýja ýmsa hluti til að lengja líftíma þeirra.

Námsefni: Ekkert námsefni fylgir þessari valgrein.

Inntak náms og kennslutilhögun: Nemendur fá annað hvort hugmynd frá kennara eða koma með hana sjálfir. Veraldarvefurinn er notaður til að finna hugmyndir eða leiðir/vinnuferli að hugmyndinni. Heimasíður eins og google.is og youtube.com eru mikið notaðar. Annars konar upplýsingaöflun t.d. á bókasafni eða viðtöl við fólk er möguleg í vinnuferlinu. Þegar nemendur hafa undirbúið hugmynd sína með rannsóknarvinnu og vangaveltum um vinnuferli, efnisval og efnisöflun verður verklegur tími í tímanum á eftir.

Vinnubrögð sem notuð verða eru bein innlögn, sýnikennsla, myndbönd, einstaklingsvinna, samvinna og hópavinna.

Leitast verður við að tengja grunnþætti Aðalnámskrár grunnskóla sem mest inn í kennsluna og sem dæmi um slíka nálgun má nefna:

- Læsi tengist allri vinnu nemenda með texta og myndir. Lögð er áhersla á stafrænt læsi við hugmyndaleit á netinu og undirbúning verkefna.
- *Sjálfbærni* tengist því að nemendur endurnýta hluti úr umhverfinu og búa til hluti án þess að það hafi áhrif á efnahag þeirra. Nemendur búa til hluti sem nýtast þeim í daglegu lífi sem styrkir lífsgæði þeirra og lífsskilyrði.
- *Heilbrigði og velferð* tengist því að nemendur auka færni sína við ákvörðunartöku, markmiðasetningu og að hafa góð samskipti sín á milli til að geta unnið saman í hóp og unnið ákveðin verk. Með því að búa til ýmsa hluti sem nýtast þeim í daglegu lífi og þau hafa áhuga á að læra að gera byggja þau upp jákvæða sjálfsmynd og efla þannig heilbrigði.

- *Lýðræði og mannréttindi og jafnrétti* tengist því að tekið er tillit til áhuga nemenda við verkefnaaval og ábyrgðar þeirra á eigin námi.
- *Sköpun* tengist verkefnavinnu nemenda, þeir móta viðfangsefni og miðla þeim, búa til, gera eitthvað nýtt eða öðruvísi en þeir kunna eða hafa gert áður. Horft verður til að nemendur uppgötvu, njóti, örvu forvitni og áhuga, virki ímyndunarafl og leiki sér með möguleika.

Heimanám: Heimanámið felst í efnisöflun heima við eða úti í samfélaginu. Ennfremur geta nemendur þurft að skoða vinnuferla á netinu svo þeir séu betur undirbúnir undir verklega tímann.

Námsmat:

Símat þar sem kennari skráir niður frammistöðu í tímum. Horft verður á frumkvæði, færni, sjálfstæði, vandvirkni, áhuga, samvinnu, umgengni og hegðun.

Íþróttaval

Kennari: Ása Fönn Friðbjarnardóttir

Kennslustundir á viku: 1.5 klst.

Hæfniviðmið

- Geta tekið þátt í hópíþróttum, einstaklingsíþróttum og heilsurækt innan og utan skólans.
- Geta sýnt og framkvæmt styrktaræfingar sem reyna á hámarksgetu og úthald í kyrrstöðu og hreyfingu.
- Geta nýtt sér stöðluð próf til að meta þrek, hreysti, liðleika og samhæfingu.
- Skýrt helstu áhrif hreyfingar á líkamlega og andlega líðan og mikilvægi góðrar næringar fyrir vöxt og viðhald líkamans.
- Vitað hvaða hlutverk helstu vöðvahópar líkamans hafa í tengslum við þjálfun líkamans.
- Sett sér skammtíma- og langtíamarkmið í heilsurækt, gert og framkvæmt eigin þjálfunaráætlun á grundvelli niðurstaðna prófa.

- Sýnt ábyrgð á eigin heilbrigði. Rætt kynheilbrigði, kyn- og staðalímyndir, afleiðingar eineltis og tekið afstöðu gegn ofbeldi.
- Skilja mikilvægi virðingar, góðrar framkomu, góðrar ástundunar, sjálfsaga, sjálfstæðra vinnubragða, samvinnu og tilitssemi.

Inntak- náms og kennslutilhögun

Ýmis form heilsuræktar kynnt. Þannig er hægt að gefa nemendum kost á að kynnast því hversu margt er í boði svo þeir geti fundið eitthvað við sitt hæfi. Áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð sem nýtist í vali á alhliða líkams- og heilsurækt í framtíðinni. Farið verður vítt og breitt í allt sem styður við heilbrigðan lífsstíl ungmenna. Næring, hvíld, svefn, hreyfing og lífsstíll eru þar á meðal. Efldur er styrkur, þol og liðleiki ásamt því að rétt líkamsbeiting er kennd. Nemendur læra að bera ábyrgð á eigin heilsu þ.e. hreyfingu, mataræði/næringu og andlegri líðan og sjálfsvitundin er efld. Nemendum er kennt að setja sér raunhæf markmið til að stefna að í lífinu og metið á sjálfsæðan hátt eigin lífsgildi og lífsstíl óháð fyrirmyndum og staðalmyndum samfélagsins. Nemendur njóta útiveru í tengslum við hreyfingu t.d. hjólræði og skokk. Leitast verður við að tengja grunnþætti Aðalnámskrár grunnskóla sem mest inn í viðfangsefni og sem dæmi um slíka nálgun má nefna:

-Læsi tengist umfjöllun um hinar ýmsu merkingar og reglur. Nemendur þurfa að hlusta á og lesa ólík fyrirmæli og þeir skrá niður árangur t.d. í stöðvaþjálfun.

-*Sjálfbærni* tengist umræðum um ýmis álitamál. Nemendum er gert að gera sér grein fyrir mikilvægi eigin velferðar.

- Heilbrigði og velferð tengist ýmsum þáttum sem rætt er um t.d. mikilvægi þess að kunna að synda og mismunandi hreyfingar, baðferða og þrifnaðar. Stuðlað er að heilbrigðum lífsháttum nemenda.

- Jafnrétti tengist t.d. þátttöku fatlaðra í tímum og umfjöllun um jafnræði í íþróttum.

-Sköpun birtist í hinum ýmsu leikjum og tjáningu og þegar nemendur setja upp þrautabrautir.

Námsmat

Ástundun, hegðun og virkni nemenda í tímum vega þyngst. Einkunn er gefin eftir hverja önn.

Heimilisfræði val

Kennari: Matthildur Matthíasdóttir

Vikustundir: 1.5 klst á viku

Hæfniviðmið

Matur og lífshættir

- tjáð sig um heilbrigða lífshætti, tengsl þeirra við heilsufar og sett í samhengi við ábyrgð hvers og eins á eigin heilsufar
- greint aðalatriði næringarfræðinnar og útskýrt tengsl næringarefna, hráefna og matreiðslu
- farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu heimilishaldi og matreiðslu
- greint helstu þætti sem hafa áhrif á útgjöld við heimilishald og geti tekið ábyrgð á eigin útgjöldum og skuldbindingum og þekkt rétt sinn og skyldur sem neytandi

Matur og vinnubrögð

- Skipulag og matreitt fjölbreyttar, hollar og vel samsettar máltíðir úr algengu og nýstárlegu hráefni með áherslu á hagkvæmni og nýtni
- Beitt helstu matreiðsluaðferðum og notað til þess ýmis mæli- og eldhúsahöld
- Greint frá viðbrögðum við slysum á heimilum

Matur og umhverfi

- sett viðfangsefni heimilisfræðinnar í vítt samhengi við lýðræði og jafnrétti, hreinleika og eiginleika sem taldir eru bæta heilsu fólks og stuðla að sjálfbærri þróun sjálfbærni
- rætt þátt auglýsinga og upplýsinga um merkingar verð og gæði neysluvara í tengslum við neytendavernd og tjáð sig um gæði, geymslu og aukefni í matvælum

Matur og menning

- sagt frá íslenskri og erlendri matarmenningu og matreitt ýmsa þjóðrétti

Námsefni: Efni frá kennara og nemendum

Inntak náms og kennslutilhögun: Heimilisfræði fjallar um manninn, líf hans og lífsskilyrði, líkamlegar og andlegar þarfir. Greininni er ætlað að stuðla að heilbrigði og velferð og hagsýni og verndun umhverfis.

Verkleg þjálfun er rauður þráður í gegnum allt heimilisfræðinámið þar sem sköpun og sköpunargleði fær að njóta sín ásamt virkni við matreiðslu og heimilisstörf. Nemendur læra að virða jafnrétti þar sem ólík sjónarmið og mismunandi siðir og venjur fólks eru í fjölmenningsarsamfélagi.

Námið er hugsað í þrepum sem þyngjast stig af stigi þar sem farið er frá hinu einfalda til hins flókna, frá hinu nálæga og þekkta til hins fjarlæga og ókunna. Í upphafi náms er lögð áhersla á grundvallaratriði en með aukinni þjálfun og sjálfstæðum vinnubrögðum við verklegt og bóklegt nám þarf að gera auknar kröfur um skilning og leikni.

Læsi nemanda er ein forsenda þess að hann geti tileinkað sér námsefni í heimilisfræði eins og í öðrum námsgreinum. Nemandinn þarf að skilja orð og hugtök sem notuð eru og þeir geti farið eftir munnlegum og skriflegum leiðbeiningum.

Mál- og lesskilningur nemanda er ein forsenda þess að hann geti tileinkað sér námsefni í heimilisfræði eins og í öðrum námsgreinum. Nemandinn þarf að skilja orð og hugtök sem notuð eru og geta farið eftir munnlegum og skriflegum leiðbeiningum.

Námsmat: Verkleg þjálfun er stór hluti heimilisfræðinnar og námsmátið því byggt upp á símati þar sem metin er samvinna, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum. Nemendur fá einkunn í formi talna í lok hverrar annar.

Sjónlistir-kvikmyndagerð

Bekkur: 8.-10.bekkur valgrein

Kennari: Skapti Runólfsson

Kennslutími: 90 mín

Hæfniviðmið

Að nemandi geti:

- valið á milli mismunandi aðferða við sköpun, prófað sig áfram og unnið hugmyndir í fjölbreytta miðla.
- greint og beitt fjölbreyttum aðferðum og tækni.

- sýnt og útskýrt vinnuferli frá hugmynd að lokaverki sem felur m.a. í sér upplýsingaöflun, tilraunir og samtal.
- skrásett og sett fram hugmyndir á fjölbreyttan hátt byggðar á eigin myndunarafli og / eða rannsókn, myndrænt og/ eða í texta.
- gagnrýnt af þekkingu, sanngirni og virðingu eigin verk og annarra bæði einn og í samvinnu.
- greint hvernig sjónrænt áreiti daglegs lífs hefur áhrif á líf okkar og gildismat.

Inntak náms og kennslutilhögun:

Kennt er með sýnikennslu, verkefni kynnt og sýnd og um þau rætt. Einnig er stuðst við myndbönd og bækur. Nemendur vinna ákveðin skylduverkefni auk frjálsra verkefna með mismunandi aðferðum kvikmyndagerðarinnar, hvort sem það eru tónlistarmyndbönd eða hreyfimyndagerð.

Megintilgangur list- og verkgreina er að allir nemendur kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum þar sem reynir á verkfærni, sköpunarkraft, samhæfingu hugar, hjarta og handa og margar ólíkar tjáningarleiðir.

Leitast verður við að tengja grunnþætti aðalnámskrár grunnskóla sem mest inn í kennsluna og sem dæmi um slíka nálgun má nefna:

Læsi tengist allri vinnu nemenda með texta og myndum. Nemendur fá tækifæri til að lesa úr umhverfi sínu ásamt að lesa og túlka myndmál úr listaverkum.

Sjálfbærni að nemendur séu meðvitar um umhverfisvernd og endurvinnslu, með því að nota endurvinnanleg efni til listsköpunar.

Jafnrétti að allir nemendur fái sömu tækifæri til listsköpunar á sýnum forsendum.

Lýðræði og mannréttindi tengjast samvinnu og stuðningi nemenda hvert við annað.

Heilbrigði og velferð tengist sjálfstæði sem nemendur öðlast í verkefnagerð og ánægju með vel heppnaða afurð.

Sköpun felst í að móta viðfangsefni og miðla þeim, búa til, gera eitthvað nýtt eða öðruvísi en viðkomandi kann eða hefur gert áður. Sköpun er að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafl og leika sér með möguleika.

Námsefni: Notast verður kennsluefni útbúið af kennara, skoðaðar bækur, sýnd myndbönd ásamt þess að nota netið áður en hafist er handa við verkefni.

Námsmat: Námsmat er byggt á símati nemenda og er skipt í eftirfarandi þætti:

Afurð (verkefni)

Hegðun/framkoma

Vandvirkni, iðni/afköst, sjálfstæði í vinnubrögðum

Umsagnir í lok hverrar annar.